

Nd.

239. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um heimild til innflutningsbanns og gjaldeyrisráðstafana.

Flutningsm.: Jón Sigurðsson, Pjetur Ottesen, Hákon J. Kristófersson,
Björn Hallsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til með reglugerð eða reglugerðum að

banna innflutning til landsins á þeim vörutegundum, er hún telur ónauðsynlegar og ákveður hún hvaða vörur heyra undir það.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Þegar ákvæði 1. greinar koma til framkvæmda, er stjórninni heimilt að ákveða útsöluverð innanlands á hinum bönnuðu vörutegundum, er til eru í landinu og hafðar til sölu, og skal meginreglan sú, að söluverð sje ekki hærra en það var þegar bannið gekk í gildi.

3. Við 3. gr. Greinin falli burtu.

4. Við 5. gr. Niðurlag greinarinnar »og lög nr. 76, 27. júní 1921«, falli burtu.

Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um heimild til innflutningsbanns.